



Laugalandi, 25. sept. 2019

Aðstaða og búnaður Laugalandsskóla.

Aðstaða Laugalandsskóla er að mörgu leyti mjög góð. Skólastofur eru fyrir allar bekkjadeildir. Þær eru 6, þar sem samkensla er í, 2. – 3. bekk, 4. – 5. bekk, 7. – 8. bekk og 9. – 10. bekk. 1. og 6. bekk er kennt sér. Það er sér tölvustofa sem í eru 15 tölvur og geta nemendur og kennarar nýtt hana að vild. Stofa fyrir náttúrufræði og myndmennt er sameiginleg. Aðstaðan fyrir heimilisfræðikennslu er í eldhúsinu er góð. Búið er að endurnýja eldavélar, en það þarf að endurnýja innréttingar.

Við höfum góða aðstöðu fyrir sérfræðinga frá skólaþjónustunni. Smíða-, málmsmíða- og textílmenntstofur eru nokkuð vel búnar af tækjum og tólum. Aðstaða fyrir valgreinar er góð. Við höfum litla tónlistarstofu í kjallara og aðra stærri þar sem bæði tónlistarval og tónmenntakennsla fara fram, þar er búnaður ágætur.

Tónlistarskólinn hefur einnig tvær litlar stofur þar sem er einstaklingskennsla og forskólakennsla að hluta.

Við höfum fengið nýjan körfuboltavöll. Einnig hefur verið sett upp gróðurhús á lóðina á útisvæðinu okkar. Það sem okkur vantar er betri aðstaða fyrir í dagskólann. Hann var í Miðgarði þar sem eldri leikskóladeildin er. Nú er dagskólinn frá kl 13:40 til 15:00 í setustofu miðstigs, bókasafninu og inni í myndmenntastofu. Við kennum smíði í 2. og 4. bekk þriðju hverju viku.

Það er ánægjulegt að framkvæmdir við bílplanið verða örugglega næsta sumar. Það tryggir öryggi allra vegfarenda betur. Einnig er mjög mikilvægt að hraða allri vinnu við gólfið á íþróttahúsinu.

Virðingarfyllt

Sigurjón Bjarnason skólastjóri